

## Leiðbeiningar um útfyllingu og rafræn gagnaskil

# Launamiðar, hlutafjármiðar og launaframtal 2013

Í þessari orðsendingu er að finna leiðbeiningar um útfyllingu launamiða, hlutafjármiða og launaframtals á árinu 2013.

Form launamiða RSK 2.01 og hlutafjármiða RSK 2.045 vegna greiðslna á árinu 2012 er nánast óbreytt frá fyrra ári.

### Rafræn gagnaskil

Afar æskilegt er að launamiðum og hlutafjármiðum sé skilað á **tölvutæku formi**.

**Sérstaklega er bent á Gagnaskilakerfið á skattur.is, rafræna skilaleið fyrir launamiða og hlutafjármiða.**

**Um er að ræða annars vegar XML skeytaskil beint úr launakerfum og hins vegar skráarinnlestur eða skráningu einstakra launamiða. Skilin eru gerð í gegnum þjónustusiðu viðkomandi aðila. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum.**

Færslulýsingu vegna tölvutækra skila á bæði launa- og hlutafjármiðum má nálgast á vefsetri RSK, en sömu reglur gilda um tölvutæk skil á þessum miðum. Auk þess veitir tæknisvið RSK nánari upplýsingar um færslulýsinguna og þá segulmiðla sem RSK getur tekið við, sem og upplýsingar um aðrar skilaleiðir rafrænna skila.

Þeir sem skila launamiðum og/eða hlutafjármiðum á tölvutæku formi til ríkisskattstjóra eiga **ekki** að skila sömu miðum aftur á pappír.

### Leiðréttingar

Hægt er að leiðrétta skil rafrænna launamiða á þjónustusiðu á **skattur.is**.

Hafi launamiði sem skilað var á pappír eða segulmiðli verið rangur skal strax senda ríkisskattstjóra **nýjan launamiða** á pappír með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

### Áritun launa og hlutafjár

Skattfyrirvöld munu árita sem mest af upp-

lýsingum um laun, hlutafé og arð á skattframtöl einstaklinga í febrúar 2013. Miklu skiptir því að þessar upplýsingar séu bæði **áreiðanlegar** og **endanlegar** svo að framteljendur verði ekki fyrir óþægindum við útfyllingu framtala.

Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða til launamanna sinna áður en skil til skattyfirvalda eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launaupplýsingum er skilað til skattyfirvalda og þær áritaðar á framtöl.

Minnt skal á að uppfærsla launaforrita er nauðsynleg vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á.

Þá þurfa launa- og hlutafjárupplýsingar á tölvutæku formi að berast innan tilgreinds tímafrests, enda munu skattfyrirvöld að öðrum kosti ekki geta áritað viðkomandi upplýsingar.

Gögnum sem skilað er á segulmiðlum skal skilað á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2012	
<b>Upplýsingar um hluthafa/eiganda</b>			
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	
Nafn og heimilisfang		Nafn hlutafélags og kennitala	
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík	
<b>Hlutabréf</b>	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (heild)
0	250.000	25.000	0
<b>Stofnfjárnbréf sparísjóðanna</b>	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu
			0
			86 Stöðgreiðsla af arði
			5.000
			36 Dags. arðgreiðslu
			15.4.12

RSK 2.045

Frumrit: Til ríkisskattstjóra

**Skilafrestur launa- og hlutafjármiða á pappír er til 30. jan. 2013.**

**Skilafrestur á tölvutæku formi er til 10. feb. 2013.**

### 76 Útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu

Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu.

### 77 Hlutafjáreign í árslok

Hér skal tilgreina nafnverð hlutabréfa í eigu hluthafa í árslok.

### 78 Greiddur arður á árinu (heild)

Hér skal tilgreina heildarjánhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

### 75 Par af arður talinn sem laun

Hér skal tilgreina þann hluta arðgreiðslu sem telja skal til tekna sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003.

### 79 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

**NB.** Ekki staðgreiðslu af þeim hluta arðs sem talinn er sem laun.

### 36 Dagsetning arðgreiðslu

Hér skal færa dagsetningu þegar arður er greiddur út og staðgreiðslu haldið eftir.

### 80 Endurmat stofnfjár á árinu

Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparísjóðum sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### 81 Stofnfjáreign í árslok

Hér skal færa stofnfjáreign í árslok eftir endurmat.

### 84 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

### 86 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

# Launamiði 2013

## 02 Vinnulaun

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Enn fremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslu eru reiknaðar sem hundraðshluti launa eða á annan hátt, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. Þann hluta arðs sem talinn er sem laun skal **ekki** færa hér. Hann færirst í launamiðareit 210. Stjórnarlaun skal færa í launamiðareit 220. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti. Styrki til líkamsræktar, sem áður fóru í reit 82 með viðeigandi texta, eða í reit 61 eftir atvikum, skal nú færa í launamiðareit 405).

## 63 Iðgjöld

Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttinda, en frádráttur vegna þess getur að hámarki numið 2% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

## 06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færirst til skuldar á framtali greiðanda).

## 64 Númer sérsjóðs

Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í. Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

## 19 Sjúkradagpeningar

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.

LAUNAMIÐI 2013 LAUNAGREIÐSLUR 2012	01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Okutækjaskyrtur	73 Par af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
	Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlíð)	03	05 Par af vegna sjómennsku sem veilir rétt til sjómannaafsláttar	17 Dagpeningar	74 Par af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
	08 Númer lífeyrissjóðs	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
	Þessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra			Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð (hámark 2% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs
	07 Nafn-heimil/póststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimil		
	83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi	85		87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga	88	
	Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06			26		297.000
	70 Launafjárhæð	71 Váðregin staðgreiðsla		34	Fóðrun búfjár	50.000
				82	Gjafir	190.000
	RSK 2.01 11-12-2012 · ODDI HF. · 5.000			Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusíðu ríkisskattstjóra <a href="http://www.skattur.is">www.skattur.is</a>		

## 03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð

Í 03 skal tilgreina lífeyrissjóðsiðgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lífeyrissjóði. Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

## 83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi

Hér skal tilgreina dagafjölda ráðningartíma sjómanns. Við ráðningartíma er heimilt að bæta orlofs- og frídögum sem launþegi nýtti ekki á ráðningartíma en fékk greidda og uppperða við lok ráðningar. Ráðningardaga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 83 og fyrir síðari hluta ársins í reit 85.

## 87 Lögskráningardagar / úthaldsdagar

Hér skal skrá fjölda daga sem sjómaður er lögskráður á skip. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt samningi um hlutaskipti.

Þeir dagar sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

Þessa daga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 87 og fyrir síðari hluta ársins í reit 88.

## 17 Dagpeningar

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeniga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda.

Ferðapeniga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðar- reikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

## 74 Þar af undanþegið staðgreiðslu (dagpeningar)

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

### ●60 Bifreiðahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

### ●21 Greiðslur úr lífeyrissjóði

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

### ●27 Fatahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fatahlunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

### ●28 Húsnæðishlunnindi

Hér skal færa húsnæðishlunnindi (allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2011, að með- talinni hlutdeild í fasteignamati lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, að teknu tilliti til þess fjölda mánaða sem afnotin ná yfir. Sjá upplýsingar um skatt- mat 2012 á [www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

### ●33 Fæðishlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

## Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tölu (kóða) og fjárhæð:

- 04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).
- 09) Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.
- 26) Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 32) Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 56) Endurgjald til höfunda eða réttihafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.
- 57) Verkfallsstyrkur.
- 58) Björgunarlaun.
- 59) Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).
- 61) Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagasamtaka, stéttarféлага eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09 eða 405).
- 62) Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).
- 65) Leigutekjur.
- 67) Húsaleigubætur.
- 69) Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.
- 72) Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).
- 89) Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.
- 210) Arður sem laun.
- 220) Stjórnarlaun.
- 405) Styrkir til líkamsræktar og heilsueflingar (íþróttastyrkir).
- 410) Samgöngustyrkir.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), **ásamt frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar**, og fjárhæð:

- 11) Endurgreiddur útlagður kostnaður.
- 34) Önnur hlunnindi.
- 82) Aðrar skattskyldar greiðslur.
- 93) Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má m.a. nálgast á vefsetri RSK.

## 16 Ökutækjastyrkur

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fast- ákveðna fjárhæð á ári, ekna kíló- metra, endurgreiðslu rekstrarkostn- aðar eða greiðsla er ákvörðuð á ann- an hátt.

## 73 Þar af undanþegið staðgreiðslu (ökutækjastyrkur)

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækja- styrks sem fellur ekki undir stað- greiðslu skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

## 70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt skila- greinum RSK 5.06, **þ.e. greiðslur sem staðgreiðsla hefur verið greidd af**.

## 05 Þar af greitt v/sjómennsku

Hér skal tilgreina laun vegna sjó- mennsku sem veita rétt til sjómanna- afsláttar, sbr. 12. og 13. gr. reglu- gerðar nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, og innifalin eru í launum í reit 02.

# Launaframtal 2013

## Hverjir skila launaframtali á pappír?

Einstaklingar með rekstur, sem greiða öðrum laun eða inna af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds og sem skila skattframtali sínu á pappír, þurfa jafnframt að skila launaframtali á pappír. Launaframtalinu er skilað á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra.

Lögaðilar, sem undanþegni eru skattskyldu skv. 1. kafla laga nr. 90/2003, skulu skila launaframtali með rafrænum hætti á skattframtali RSK 1.06, hafi þeir greitt laun eða innt af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds á árinu 2012.

Þeir sem inna af hendi verktakagreiðslur eiga að skila launamiðum vegna þeirra. Á launaframtali skal koma fram fjöldi verktakamiða og heildarfjárhæð, þó að þessar greiðslur myndi ekki stofn til tryggingagjalds. Maður sem reiknar sér endurgjald við eigin atvinnurekstur, en greiðir ekki öðrum laun, þarf ekki að skila launaframtali nema því aðeins að hann sé með viðbótar lífeyrissparnað og/eða greiði herra móttframlag í lífeyrissjóð en 8%.

**Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti eiga ekki að skila launaframtali RSK 1.05 á pappír.**

## Stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn tryggingagjalds er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu. Hér er t.d. um að ræða laun í reit 02 á launamiða, bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, alla ökutækjastyrki, móttframlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskylda dagpeninga.

Greiðslur lífeyris og eftirlauna úr samþykktum lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Sá hluti arðs sem talinn er sem laun myndar ekki stofn til tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu skal sundurliða niður á mánuði.

## Laun vegna fiskveiða

Hér skal færa laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til tryggingagjalds auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér ríkisskattstjóri til þess að iðgjaldið bætist ekki við.

## Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Í þessa reiti færast laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Reiknað endurgjald manns og maka hans við eigin atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launaframtali. Hér skal ennfremur tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda utan staðgreiðslu opinberra gjalda sem metin eru til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra og mynda stofn til tryggingagjalds.

Ef framtalsskil einstaklinga í rekstri eru á pappír, getur þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til ríkisskattstjóra. Hið sama gildir um óskattskylda lögaðila, sem ekki skila rafrænu skattframtali RSK 1.06. Skilafrestur er til 30. janúar 2013 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. febrúar sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

## Ef framtalsskil rekstraraðila eru rafræn, skal ekki skila sjálfstæðu launaframtali RSK 1.05 á pappír.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		LAUNAFRAMTAL 2013 LAUNAGREIÐSLUR 2012	
Framtalid berist		Kennitala	
Nafn - pósthang		Sveitarfélag lögheimilis	
<b>Rafræn framtalsskil - Ekki skal skila launaframtali á pappír</b> Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti (t.d. á vefframtali) eiga ekki að skila launaframtali RSK 1.05 á pappír, þar sem sundurliðun á stofni til tryggingagjalds er fengin í rafrænum framtalsskilum (á eyðublaði RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05). Í vissum tilfellum geta rekstraraðilar þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til ríkisskattstjóra. Sjá nánari skýringar á bakhlið.			
<b>Fjárhæðir á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>		<b>Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu</b>	
Reitur 02 - Vinnulaun	+	Reiknað endurgjald barna	+
Reitur 60 - Bifreiðahlunnindi	+	Laun undanþegin staðgreiðslu	+
Reitur 33 - Fæðishlunnindi	+	Fæðishlunnindi	+
Reitur 16 - Ökutækjastyrkur	+	Önnur hlunnindi, hvaða?	+
Móttframlag launagr. í lífeyrissj., sbr. skýringar á bakhlið	+		+
Mismunur 17-74 - Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	+		+
Aðrar tryggingagj. greiðslur, sbr. skýringar á bakhlið	+		+
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottbörð, sbr. skýringar á bakhlið	-		-
<b>Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>	<b>=</b>	<b>Stofn til fjársýsluskatts utan staðgreiðslu</b>	<b>=</b>
<b>Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>	<b>Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskveiðikum (eignig innviðaldur í stofni til tryggingagjalds)</b>	<b>Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottbörð. Sjá skýringar á bakhlið.</b>	<b>Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu. Sjá skýringar á bakhlið.</b>
Jan.	Jan.	Jan.	Jan.
Febr.	Febr.	Febr.	Febr.
Mars	Mars	Mars	Mars
Apríl	Apríl	Apríl	Apríl
Mai	Mai	Mai	Mai
Júní	Júní	Júní	Júní
Júlí	Júlí	Júlí	Júlí
Agúst	Agúst	Agúst	Agúst
Sept.	Sept.	Sept.	Sept.
Okt.	Okt.	Okt.	Okt.
Nóv.	Nóv.	Nóv.	Nóv.
Des.	Des.	Des.	Des.
Allt	Allt	Allt	Allt
Skilafrestur er til 30. jan. 2013 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. feb. 2013 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi. ATH. Launaframtali er almennt skilað rafrænt sem hluta af almennum framtalsskilum framtalanda, á forminu RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05, og gilda þá almennir framtalstrestir um launaframtalsskilin.			
Það staðfestist að launaframtali þetta áskilur launamiðum er gert eftir bestu vild og er í samræmi við fyrirliggjandi gögn.		Dags/Undirskrift	Sími
RSK 1.05 10-12-2012			

## Fjársýsluskattur

Þeir framtalendur sem skattskyldir eru til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011 (vátryggingafélög og aðilar í fjármálastarfsemi og verðbréfaþjónustu) skulu gera grein fyrir stofni til fjársýsluskatts og sundurliðun hans eftir mánuðum.

## Undirskrift

Mikilvægt er að undirrita launaframtalið áður en því er skilað. Launaframtal sem ekki er undirritað telst ófullnægjandi.

**Þeir sem skila launaframtali á eyðublaði RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05 við skattframtalsskil sín, eiga ekki að skila launaframtali RSK 1.05 með launamiðaskilum sínum í jan./feb. 2013!**